

Til skipulagsnefndar/cc: Smári Smáráson, skipulagsstjóri Kópavogsbæjar

Efni: Borgarholtsbraut – aukið umferðaröryggi!

**Hér með skora undirrituð á skipulagsnefnd Kópavogs að hraðahindrunum við Borgarholtsbraut verði fjölgað, og hámarkshraði lækkaður á vegarkafla .**

Rökstuðningur fyrir áskorun þessarri er eftirfarandi:

- Þeim sem við Borgarholtsbraut búa dylst ekki *mikil bílaumferð um götuna*, bæði á daginn og kvöldin, þar á meðal *fjöldi vöruflutningabifreiða* á leið að/frá hafnar- og iðnaðarsvæði á Kársnesi.
- Sýnt er að umferð um götuna aukist vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á Kársnesi.
- Því miður er *mikið um hraðakstur* í götunni, sem er í engu samræmi við að um íbúagötu að ræða.
- **Þeir íbúar götunnar sem næst búa gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar, þar sem umferðarljós eru, verða greinilega varir við að bílstjórar auka hraðann þegar nær dregur gatnamótunum til að “ná ljósunum”, þ.e. komast yfir meðan enn er grænt ljós.**
- Tveir grunnskólar eru í næsta nágrenni og mikið af börnum í hverfinu, m.a. allnokkur lítil börn á forskóla- og skólaaldri í húsunum næst ofangreindum gatnamótum.
- Sundlaug Kópavogs er í næsta nágrenni og skólabörn þar á ferð alla virka daga vegna skólasunds. Auk þess sækir laugina fjöldi eldri borgara, margir fótgangandi.
- Digranesvegur tekur við af Borgarholtsbraut handan Hafnarfjarðarvegar. Átta hraðahindranir eru á sambærilegum kafla Digranesbrautar, þ.e frá byrjun hennar þar til gatan kvíslast við Digranesheiði. Á allri Borgarholtsbraut eru þær hinsvegar *aðeins þrjár*, þar af engin sem nýtist til að minnka umferðarhraða næst gatnamótunum við Urðarbraut.
- Í ljósi þeirra atvika sem talin eru upp hér að ofan má ætla að miðað við núverandi aðstæður sé *aðeins tímaspurning hvenær slys verður*. Slík óhöpp gætu orðið afar alvarleg vegna þess skriðþunga sem skapast af miklum hraða og/eða þunga bifreiða sem fara um götuna.
- Því má halda fram að í raun sé tímaskekkja að safngata liggja gegnum íbúðahverfi eins og Borgarholtsbraut gerir; því verður að teljast *afar brýnt að lágmarka slysaættu með viðeigandi ráðstöfunum* hið allra fyrsta.

Undirrituð vilja í þessu sambandi fara fram á eftirfarandi:

1. Fjölgun hraðahindrana í götunni, og verður að teljast sérlega brýnt að **setja upp hraðahindranir í hæfilegri nálægð við gatnamót Borgarholts- og Urðarbrautar, helst beggja vegna þeirra.**
2. **Lækkun hámarkshraða nálægt gatnamótunum, úr 50 km/klst í 30 km/klst.** Í þessu sambandi má benda á að nýlega voru settar sambærilegar takmarkanir á kafla Réttarholtsbrautar og einnig við Skeiðarvog, í síðara tilfallinu í kjölfar þess að lítil stúlka slasaðist alvarlega eftir að hafa orðið þar fyrir bíl.

Með kveðju og von um skjótar og góðar undirtektir,

**Íbúar við og í nágrenni Borgarholtsbrautar (sjá undirskriftalista)**

Ég, undirrituð/undirritaður, skora hér með á skipulagsyfirvöld í Kópavogi að fjölga hraðahindrunum við Borgarholtsbraut, og stuðla þannig að auknu umferðaröryggi við götuna:

Nafn, kt. og heimilisfang

-----